Náttúra Íslands		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> læri að bera virðingu fyrir náttúrinni og vilji vernda hana.</li> <li><input type="checkbox"/> læri að njóta náttúrunnar og skynji fjölbreytileika og fegurð hennar.</li> <li><input type="checkbox"/> þjálfist í að lesa í náttúruna og túlka fyrirbæri hennar.</li> <li><input type="checkbox"/> geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni í náttúrunni og tilgangi friðunar.</li> <li><input type="checkbox"/> kynnist lífverum á landi og geri sér grein fyrir að þær eru margar og fjölbreyttar.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að umhverfi landsins er mjög fjölbreytt, læri um ólík gróðurlendi og landslag.</li> </ul>	

		<input type="checkbox"/> geri sér grein fyrir tengslum lífvera við búsvæði sitt og aðrar lífverur. <input type="checkbox"/> kynnist og læri að þekkja nokkrar helstu lífverur í lífríki Íslands: plöntur, fugla, spendýr, smádýr og sveppi. <input type="checkbox"/> þjálfist í að greina lífverur til ákveðinna hópa eða tegunda. <input type="checkbox"/> njóti útiveru og geri sér grein fyrir fjölbreytileika plantna og fegurð náttúrunnar. <input type="checkbox"/> læri að þekkja nokkar plöntur.	
Heilbrigði umhverfisins		<input type="checkbox"/> geti fjallað um samspil manns og náttúru. <input type="checkbox"/> geti rætt um umhverfismál og hvernig maðurinn tengist náttúrunni. <input type="checkbox"/> átti sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt.	
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu		<input type="checkbox"/> getur nefnt dæmi um störf sem krefjast sérþekkingar, til dæmis tengd matvælum. <input type="checkbox"/> getur útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi. <input type="checkbox"/> getur rætt hvernig uppfinningar hafa breytt lífi fólks, ýmist til hins betra eða verra.	
<b>Námsþættir Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Námsefni</b>	<input type="checkbox"/> <b>Hæfniviðmið í 6. bekk</b> <input type="checkbox"/> <b>Nemandi:</b>	<b>Leiðir</b>
Geta til aðgerða		<input type="checkbox"/> greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra. <input type="checkbox"/> greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir. <input type="checkbox"/> rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi. <input type="checkbox"/> tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.	

Vinnubrögð og færni		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> getur skráð atburði, athuganir og tilraunir og útskýrt.</li> <li><input type="checkbox"/> getur tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.</li> <li><input type="checkbox"/> getur aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.</li> <li><input type="checkbox"/> getur notað ólíkar heimildir við öflum upplýsinga.</li> <li><input type="checkbox"/> þjálfist í að vinna saman og ræða skipulega um viðfangsefni námsins auk þess að vinna einir.</li> <li><input type="checkbox"/> getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær skriflega, munnlega og myndrænt.</li> </ul>	
Efling ábyrgðar á umhverfinu		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> getur tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu.</li> <li><input type="checkbox"/> getur tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</li> <li><input type="checkbox"/> getur rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.</li> <li><input type="checkbox"/> getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.</li> <li><input type="checkbox"/> getur flokkað úrgang og áttar sig á mikilvægi þess fyrir jörðina.</li> </ul>	
Gildi og hlutverk vísinda		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> getur gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri.</li> <li><input type="checkbox"/> geti lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.</li> <li><input type="checkbox"/> geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.</li> <li><input type="checkbox"/> geti tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.</li> </ul>	
Nýsköpun og hagnýting þekkingar		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.</li> <li><input type="checkbox"/> unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.</li> <li><input type="checkbox"/> fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.</li> </ul>	

<b>Námsmat</b>	
----------------	--



### Náttúrufræði 7. bekkur

**Kennarar:** Jóna Björg Sveinsdóttir og Bryndís Snjólfsdóttir

**Kennslustundafjöldi:** 3 kennslustundir á viku.

Undir náttúrugreinar flokkast náttúrufræði, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Með kennslu í náttúrugreinum er stuðlað að því að nemendur öðlist færni í þeim og geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans ræðst af samspili manns og náttúru. Haft er að leiðarljósi að nemendur láti sig varða nánasta umhverfi sitt og lífsskilyrði lífveranna sem þar búa. Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Námsþættir Hæfniviðmið um viðfangsefni:	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Að búa á jörðinni	<input type="checkbox"/> <i>Maðurinn- hugur og heilsa</i>  <input type="checkbox"/> <i>Auðvitað – heimilið</i>	<input type="checkbox"/> geti framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum. <input type="checkbox"/> geti útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist. <input type="checkbox"/> rætt um hvernig land er notað til ræktunar, um vernd gróðurs og landnýtingu.	<input type="checkbox"/> Lestur. <input type="checkbox"/> Umræður. <input type="checkbox"/> Paravinna. <input type="checkbox"/> Hópavinna. <input type="checkbox"/> Einstaklingsvinna.
Lífsskilyrði manna	<input type="checkbox"/> <i>Þjóðarblómið Holtasóley</i>  <input type="checkbox"/> <i>Ýmislegt efni af vef</i>	<input type="checkbox"/> geti útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu. <input type="checkbox"/> geti lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna. <input type="checkbox"/> geti lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra. <input type="checkbox"/> átti sig á mikilvægi súrefnis fyrir líkamann súrefni. <input type="checkbox"/> þekki mikilvægi hreinsunarstöðva líkamans þ.e. lifrar og nýra. <input type="checkbox"/> átti sig á að hollur matur og lifnaðarhættir skipta máli. <input type="checkbox"/> átti sig á að heilinn er miðstöð alls sem fram fer í líkamanum, að í heilanum verða til hugsanir og tilfinningar og þar er minnið geymt.	

		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> skilji að við verðum að vernda heilann og passa vel upp á að hann fái orku, súrefni og hvíld.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að skynfærin eru okkur jafn nauðsynleg og önnur líffæri.</li> <li><input type="checkbox"/> skilji að við notum skynfæri okkar til að ná sambandi við umheiminn og að án þeirra værum við algerlega einangruð í eigin líkama.</li> <li><input type="checkbox"/> fái skilning á því hvernig líkami hans þroskast þegar kemur fram á unglingsárin.</li> <li><input type="checkbox"/> skilji að maðurinn er í eðli sínu félagsvera og að við þörfnumst þess að vera virt og að eiga vini.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að það skiptir máli að gera sér grein fyrir þeirri skaðsemi sem eiturylf, tóbak og áfengi geta haft á líkama og sál.</li> </ul>	
Náttúra Íslands		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> geti lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.</li> <li><input type="checkbox"/> geti lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.</li> <li><input type="checkbox"/> geti lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.</li> <li><input type="checkbox"/> geti útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.</li> <li><input type="checkbox"/> geti lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að vatnsafl og jarðvarmi eru orkulindir og að virkjun þessarar orku getur haft áhrif á umhverfið.</li> <li><input type="checkbox"/> njóti útiveru og geri sér grein fyrir fjölbreytileika plantna og fegurð náttúrunnar.</li> <li><input type="checkbox"/> læri að þekkja nokkar plöntur.</li> </ul>	
Heilbrigði umhverfisins		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> geri grein fyrir notkun manna á auðlindum.</li> <li><input type="checkbox"/> dragi ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.</li> <li><input type="checkbox"/> útskýri þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.</li> <li><input type="checkbox"/> geri grein fyrir og nefni dæmi um efnabreytingar og hamskipti.</li> </ul>	

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að efni geta verið frumefni, efnasambönd eða efnablöndur.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að allt efni er úr frumeindum og að þær myndi sameindir.</li> <li><input type="checkbox"/> skilji að við blöndun efna verður til nýtt efni og að efni eru ýmist föst efni, vökvi eða lofttegundir.</li> <li><input type="checkbox"/> að efni hefur massa og magn.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að hitaþensla efna tengist hreyfingum frumeinda og sameinda í efni.</li> <li><input type="checkbox"/> átta sig á að leysni efna fer m.a. eftir hitastigi og hefur áhrif á hvort metnun og felling verður í efninu.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að hiti er mælikvarði á hreyfiorku og að orka sem tengist hreyfingunni kallast varmi.</li> <li><input type="checkbox"/> skilji að varmi sé háður hitastigi, stærð og magni efnis.</li> <li><input type="checkbox"/> þekkji rúmmál og rúmmetra.</li> <li><input type="checkbox"/> geti lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.</li> <li><input type="checkbox"/> læri hugtök eins og: stöðurafmagn, rafeindir, rafstraumur, leiðari, rafsegull og rafsegulsvið.</li> <li><input type="checkbox"/> viti að í rafrás er straumgjafi.</li> <li><input type="checkbox"/> getur útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi.</li> <li><input type="checkbox"/> getur rætt hvernig uppfinningar hafa breytt lífi fólks, ýmist til hins betra eða verra.</li> <li><input type="checkbox"/> skilji að þekkingar er best aflað með athugunum og markvissri umræðu.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að í vísindum togast á ólíkir hagsmunir og siðferðismál.</li> </ul>	<input type="checkbox"/>
<b>Námsþættir Hæfniviðmið um verklag</b>	<input type="checkbox"/> <b>Námsefni</b>	<input type="checkbox"/> <b>Hæfniviðmið í 7. bekk</b> <input type="checkbox"/> <b>Nemandi:</b>	<input type="checkbox"/> <b>Leiðir</b>

Geta til aðgerða	<input type="checkbox"/> Auðvitað - heimilið <input type="checkbox"/> Maðurinn – hugur og heilsa	<input type="checkbox"/> getur tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum. <input type="checkbox"/> getur útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.	<input type="checkbox"/>
Vinnubrögð og færni	<input type="checkbox"/> Þjóðarblómið Holtasóley	<input type="checkbox"/> getur skráð atburði, athuganir og tilraunir og útskýrt. <input type="checkbox"/> getur tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum. <input type="checkbox"/> getur aflað sér upplýsinga er varða náttúruna. <input type="checkbox"/> getur notað ólíkar heimildir við öflum upplýsinga. <input type="checkbox"/> þjálfist í að vinna saman og ræða skipulega um viðfangsefni námsins auk þess að vinna einir. <input type="checkbox"/> getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær skriflega, munnlega og myndrænt.	
Gildi og hlutverk vísinda og tækni		<input type="checkbox"/> getur gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri. <input type="checkbox"/> geti lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum. <input type="checkbox"/> geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks. <input type="checkbox"/> geti tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.	
Efling ábyrgðar á umhverfinu		<input type="checkbox"/> getur tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu. <input type="checkbox"/> getur tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. <input type="checkbox"/> getur rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. <input type="checkbox"/> getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. <input type="checkbox"/> Getur flokkað úrgang og áttar sig á mikilvægi þess fyrir jörðina.	

Nýsköpun og hagnýting þekkingar		<input type="checkbox"/> getur fjallað um þekktar tækninýjunar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru. <input type="checkbox"/> fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.	<input type="checkbox"/>
Námsmat			

<b>Samfélagsfræði 5. bekkur</b>			
<b>Kennarar:</b> Sigprúður Sigurðardóttir			
<b>Kennslustundafjöldi:</b>			
<p>Undir samfélagsgreinar heyra saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimskpeki og siðfræði. Þær greinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi.</p> <p>Samfélagsgreinar eiga að efla hæfni nemenda til að víkka út reynsluheim sinn, skilja umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna sem hann hann hefur fæðst inn í. Þær eiga að efla hæfni nemenda með því að víkka út og dýpka hugarheim nemandans til að átta sig á sjálfum sér. Samfélagsgreinar eiga einnig að virkja nemandann til þátttöku í félagsheimi sínum, þeim gildum og reglum sem þar ríkja, efla hæfnina til að mynda og þróa tengsl sín við aðra sem byggist á þeim félagsskap sem hann hefur tekið þátt í. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér réttssýni, gildismat og ábyrgð sem m.a. byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.</p>			
<b>Námsþættir</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Hæfniviðmið í 5. bekk Nemandi:</b>	<b>Leiðir</b>
<b>REYNSLUHEIMUR</b> Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	Börn í okkar heimi Fátækt og hungur, Flóttamenn og fordómar.  Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti.  Óboðnir gestir e. Aðalheiði Borg	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> geti að nokkru leyti borið kennsl á gildi, s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,</li> <li><input type="checkbox"/> áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu,</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að fjölbreytileikinn auðgar líf okkar og samfélagið,</li> <li><input type="checkbox"/> velti fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika,</li> <li><input type="checkbox"/> geti nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar,</li> <li><input type="checkbox"/> sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú og nefnt dæmi um hvað er líkt og ólíkt,</li> </ul>	

		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> bent á hvernig sagan birtist í munum og minningum,</li> <li><input type="checkbox"/> viti að til eru mismunandi menningarsvæði í heiminum þar sem ríkja, ólíkir siðir og venjur og að Ísland er eitt þeirra,</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á mikilvægi þess að þekkja sögu sína og menningu og þeirri ábyrgð að viðhalda henni og varðveita,</li> <li><input type="checkbox"/> skilji mikilvægi náttúrunnar, s.s. árstíðaskipta, veðurfars og landslags, við mótun byggðar, atvinnu, siða og menningar íbúa,</li> <li><input type="checkbox"/> skilji mikilvægi hafsins og legu landsins, s.s. fyrir lífsafkomu þjóðarinnar og samskipti við önnur lönd, nú og áður fyrr,</li> <li><input type="checkbox"/> skilji mikilvægi hafsins og legu landsins, s.s. fyrir lífsafkomu þjóðarinnar nú og áður fyrr,</li> </ul>	
<p><b>HUGARHEIMUR</b> Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</p>		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.</li> <li><input type="checkbox"/> bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.</li> <li><input type="checkbox"/> bent á dæmi um hvernig kynhlutverk hafa breyst í gegnum tíðina.</li> <li><input type="checkbox"/> lýst og rætt um ýmsar tilfinningar s.s. gleði, sorg og reiði og geri sér grein fyrir ýmsum birtingarmyndum tilfinninga eins og öfund, hefnd, græðgi, hroka og hræsni.</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir orsökum og afleiðingum orða sinna og að takmörk eru fyrir tjáningarfrelsi.</li> <li><input type="checkbox"/> lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.</li> <li><input type="checkbox"/> bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.</li> <li><input type="checkbox"/> átti sig á að hvar styrkur hans liggur.</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.</li> <li><input type="checkbox"/> sett sig í spor annarra jafnaldra.</li> </ul>	

<p><b>FÉLAGSHEIMUR</b> Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</p>		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra.</li> <li><input type="checkbox"/> tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.</li> <li><input type="checkbox"/> sýnt tillitsemi og umhyggju í leik og starfi.</li> <li><input type="checkbox"/> áttað sig á ýmiskonar afleiðingum athafna sinna.</li> <li><input type="checkbox"/> áttað sig á mikilvægi umburðarlyndis í samskiptum svo og skorti á umburðarlyndi.</li> <li><input type="checkbox"/> sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnd dæmi um slíkar reglur.</li> <li><input type="checkbox"/> skilið hugtakið einelti og og hverjar afleiðingar þess geta orðið.</li> <li><input type="checkbox"/> áttað sig á mikilvægi þess að hjálpa öðrum sem lagðir eru í einelti eða beittir órétti.</li> <li><input type="checkbox"/> tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti,</li> <li><input type="checkbox"/> hlustað á og greint ólíkar skoðanir.</li> <li><input type="checkbox"/> áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum og þekki muninn á mismunun og jafnrétti.</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir mikilvægi virðingar fyrir margbreytileikanum og temji sér slík viðhorf.</li> </ul>	
<p><b>Námsmat</b></p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið í verkefnum og umræðum í kennslustundum.</p>		



## Samfélagsfræði 6. bekkur 2018-2019

**Kennarar:** Sigbrúður Sigurðardóttir

**Kennslustundafjöldi:** 3 kennslustundir í viku

Undir samfélagsgreinar heyra saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimskpeki og siðfræði. Þær greinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnninn hátt. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi.

Samfélagsgreinar eiga að efla hæfni nemenda til að víkka út reynsluheim sinn, skilja umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna sem hann hann hefur fæðst inn í. Þær eiga að efla hæfni nemenda með því að víkka út og dýpka hugarheim nemandans til að átta sig á sjálfum sér. Samfélagsgreinar eiga einnig að virkja nemandann til þátttöku í félagsheimi sínum, þeim gildum og reglum sem þar ríkja, efla hæfnina til að mynda og þróa tengsl sín við aðra sem byggist á þeim félagsskap sem hann hefur tekið þátt í. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér réttisýni, gildismat og ábyrgð sem m.a. byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 6. bekk Nemandi:	Leiðir
<b>REYNSLUHEIMUR</b> - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	Jákvæð sálfræði-styrkleikakort  <b>Árið 1918</b>  Þemahefti-aðlagað að yngri nemendum  Þemaheftið Árið 1918 er ætlað að veita grunnskólanemendum á innsýn í líf og starf  Ísland –hér búum við	Að nemandi:  <input type="checkbox"/> geti gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa. <input type="checkbox"/> noti kort og gröf til að afla sér upplýsinga. <input type="checkbox"/> tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og sýnt ábyrgð í samskiptum. <input type="checkbox"/> tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt. <input type="checkbox"/> borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.	

		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.</li> <li><input type="checkbox"/> lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.</li> <li><input type="checkbox"/> lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður,</li> <li><input type="checkbox"/> áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði.</li> <li><input type="checkbox"/> lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum þeirra til verndar.</li> <li><input type="checkbox"/> lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi, gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.</li> <li><input type="checkbox"/> greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.</li> <li><input type="checkbox"/> tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð.</li> <li><input type="checkbox"/> tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vege og meta ólíka kosti.</li> </ul>	
<p><b>HUGARHEIMUR</b>  <i>Hæfni nemandar til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> geti gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.</li> <li><input type="checkbox"/> Lýst og rökrætt gildi jákvæðra viðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.</li> <li><input type="checkbox"/> Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.</li> </ul>	

		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> geti greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.</li> <li><input type="checkbox"/> lýst margvíslegum tilfinningu og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</li> <li><input type="checkbox"/> geti sett sér markmið og áætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.</li> </ul>	
<p><b>FÉLAGSHEIMUR</b> <i>Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> geti sýnt sjálfsga, sjálftraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.</li> <li><input type="checkbox"/> útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.</li> <li><input type="checkbox"/> vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.</li> </ul>	
<p><b>Námsmat</b></p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið í verkefnum, einstaklings og samvinnuverkefnum og umræðum í kennslustundum.</p>		

## Samfélagsfræði 7. bekkur

**Kennarar:** Sigbrúður Sigurðardóttir

**Kennslustundafjöldi:** 3 kennslustundir í viku – samkennsla á haustönn með 9. bekk til að skapa nemendum tækifæri til samvinnu og samtals.

Undir samfélagsgreinar heyra saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimskpeki og siðfræði. Þær greinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi.

Samfélagsgreinar eiga að efla hæfni nemenda til að víkka út reynsluheim sinn, skilja umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna sem hann hann hefur fæðst inn í. Þær eiga að efla hæfni nemenda með því að víkka út og dýpka hugarheim nemandans til að átta sig á sjálfum sér.

Samfélagsgreinar eiga einnig að virkja nemandann til þátttöku í félagsheimi sínum, þeim gildum og reglum sem þar ríkja, efla hæfnina til að mynda og þróa tengsl sín við aðra sem byggist á þeim félagsskap sem hann hefur tekið þátt í. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér réttssýni, gildismat og ábyrgð sem m.a. byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
<b>REYNSLUHEIMUR</b> - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	<b>Börn í okkar heimi</b> -Fátækt og hungur, -Stríð í heimi, Höf: Louise Spilsbury og Ceri Roberts,  <b>Margt er um að velja</b> Náms og starfsfræðsla fyrir efstu bekki grunnskóla	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvornig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar,</li> <li><input type="checkbox"/> fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta,</li> </ul>	Umræðu-og spurnaraðferðir Einstaklingsvinna Paravinna Leitaraðferð

	<p>Fyrri hluti: Könnun á atvinnulífínu Seinni hluti: Sjálfsskoðun og starfshugsun Höf: Berglindi Melax og Guðbjörgu T. Vilhjálmsdóttur</p> <p><b>Landafræði</b> <b>Ísland – hér búum við</b> Bókin kláruð</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður,</li> <li><input type="checkbox"/> áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði,</li> <li><input type="checkbox"/> lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi,</li> <li><input type="checkbox"/> greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf,</li> <li><input type="checkbox"/> dregið upp mynd af afmörkuðum efnispáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægjar.</li> <li><input type="checkbox"/> greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.</li> <li><input type="checkbox"/> tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð.</li> <li><input type="checkbox"/> tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vege og meta ólíka kosti.</li> </ul>	
<p>HUGARHEIMUR- <i>Hæfni nemandar til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</i></p>		<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni,</li> <li><input type="checkbox"/> lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund,</li> <li><input type="checkbox"/> áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast,</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum,</li> <li><input type="checkbox"/> sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,</li> <li><input type="checkbox"/> öðlast skilning á tilgangi atvinnulífsins í þjóðfélaginu,</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.</li> </ul>	

<p><b>FÉLAGSHEIMUR-</b> Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</p>		<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,</li> <li><input type="checkbox"/> borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,</li> <li><input type="checkbox"/> metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt,</li> <li><input type="checkbox"/> rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,</li> <li><input type="checkbox"/> tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og áttað sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum,</li> <li><input type="checkbox"/> tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,</li> <li><input type="checkbox"/> nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda, sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,</li> <li><input type="checkbox"/> tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,</li> <li><input type="checkbox"/> sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju,</li> <li><input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.</li> </ul>	
		<p><b>Með námsefninu Fátækt og hungur og Stríð í heimi er nemandi ætlað að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> kynnast aðstæðum í þróunarlöndunum með hugtökin fátækt og hungur, heilsa og hreinlæti svo og menntun að leiðarljósi.</li> <li><input type="checkbox"/> átta sig fátækur og hversu stórt vandamál hungur er í heiminum.</li> </ul>	

		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> gera sér grein fyrir að mismunandi ástæður manna geta legið að baki fátækt og mikill munur er á aðstæðum sem fólk fæðist inn í og þeim misjöfnu tækifærum sem fólk fær í lífinu.</li> <li><input type="checkbox"/> gera sér grein fyrir afleiðingum stríða á líf fólks og umhverfi.</li> <li><input type="checkbox"/> skilja hugtakið náttúruhamfarir og hvaða áhrif þær geta haft á líf fólks og umhverfi.</li> <li><input type="checkbox"/> skilja mikilvægi þess að rækta hjálpssemi og samhjálp í samfélaginu og þeirri samfélagslegu og borgaralegu skyldu allra þegna að aðstoða í neyð.</li> <li><input type="checkbox"/> efla samkennd og átta sig á því hvað er í okkar höndum og hvenær við getum ekkert gert.</li> <li><input type="checkbox"/> kynna sér Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ræða um hverja grein fyrir sig.</li> <li><input type="checkbox"/> átta sig á að yfirráð yfir auðlindum og landsværdum er oft raunveruleg ástæða átaka.</li> <li><input type="checkbox"/> átta sig á að mismunandi skoðanir geta leitt til árekstra og hægt sé að leysa deilur með jákvæðum samskiptum og málamiðlun.</li> <li><input type="checkbox"/> átta sig þekki hugtökin óskráðar og skráðar reglur og að til eru reglur í stríði.</li> <li><input type="checkbox"/> kynnast hlutverki Sameinuðuþjóðanna í lausn deilumála,</li> <li><input type="checkbox"/> kynna sér hjálparstarf heima og erlendis.</li> <li><input type="checkbox"/> átta sig á mikilvægi lausn deilna án átaka, í sem víðustum skilningi.</li> <li><input type="checkbox"/> gera sér grein fyrir mikilvægi þess að hlusta á skoðanir annarra og virða þær jafnt og eigin skoðanir.</li> </ul>	
--	--	--	--

		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> <b>Með námsefninu Um margt er að velja er nemandanum ætlað að:</b></li> <li><input type="checkbox"/> geta sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.</li> <li><input type="checkbox"/> átta sig á fjölbreytni atvinnulífsins og fræðist um störf og starfgreinar.</li> <li><input type="checkbox"/> kanna störf sem þeir þekktu ekki fyrir og ný starfssvið í atvinnulífinu.</li> <li><input type="checkbox"/> átta sig á hvaða áhrif hann getur haft á eigin aðstæður.</li> <li><input type="checkbox"/> gera greinamun á sjálfstæðri og ósjálfstæðri ákvörðunartöku.</li> <li><input type="checkbox"/> setja sér markmið og fyrirætlanir varðandi framtíðina.</li> <li><input type="checkbox"/> geta greint frá áhrifum uppfinninga á atvinnuþróu.</li> <li><input type="checkbox"/> skilja mikilvægi hvers starfs í samfélaginu.</li> <li><input type="checkbox"/> kynnast aðferð til að kanna betur heim atvinnulífsins.</li> <li><input type="checkbox"/> þekkja mismunandi starfssvið og geri sér grein fyrir heildarskilningi sínum á atvinnulífinu.</li> <li><input type="checkbox"/> skoða sjálfan sig og kynnist hugtökunum gildi starfshugsun og kynbundin starfshugsun.</li> <li><input type="checkbox"/> áttar sig á þeim möguleika sem fólk hefur til að leita sér hjálpar, s.s. vegna eigin vanlíðunar eða þegar hamfarir og stríð geisa.</li> </ul>	
<b>Námsmat</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið í einstaklings- og samvinnuverkefnum og í umræðum í kennslustundum.		



<b>Enska 5. bekkur</b>			
Kennarar: Alda Marin Kristinsdóttir			
Kennslustundafjöldi: 4 kennslustundir á viku			
Um námsgrein:			
<b>Námsþættir</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Hæfniviðmið í 5. bekk Nemandi:</b>	<b>Leiðir</b>
<b>Námsmat</b>			

<b>Enska 7. bekkur</b>			
Kennarar: Alda Marin Kristinsdóttir			
Kennslustundafjöldi: 4 kennslustundir á viku			
Um námsgrein:			
<b>Námspættir</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Hæfniviðmið í 5. bekk Nemandi:</b>	<b>Leiðir</b>
<b>Námsmat</b>			

<b>Danska 7. bekkur</b>			
<b>Kennarar:</b> Sigbrúður Sigurðardóttir			
<b>Kennslustundafjöldi:</b>			
<p>Danska</p> <p>Norðurlandamál eru kennd vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Kennsla í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við aðrar Norðurlandþjóðir og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu. Með góðri fæni og kunnáttu í norrænum tungumálum er þeim gert kleift að vera þátttakendur í norrænu samstarfi, námi starf og leik.</p>			
<b>Námsþættir</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Hæfniviðmið í 7. bekk</b> <b>Markmið miðað við hæfni á 1. stigi</b> <b>Nemandi:</b>	<b>Leiðir</b>
<b>Hlustun</b>	<p>Kennslubókin START, les- og vinnubók verkefni frá kennara ef þurfa þykir.</p> <p>Rafræn verkefni: Duolingo tungumálaapp, vefefni START á mms.is</p>	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> <b>hlustað þegar talað er skýrt, skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Geti heilsað og kvatt á dönsku</li> <li>○ Geti sagt frá nafni sínu, aldri og hvar hann býr</li> <li>○ Kunni skil á helstu líkamsheitum og þekki sagnir í tengslum við þau</li> <li>○ Þekki heiti vikudaganna</li> </ul> </li> <li><input type="checkbox"/> <b>lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Geti fundið upplýsingar í einföldum texta og notað í verkefnavinnu</li> <li>○ Geti lesið létt lesefni sér til gagns og gamans</li> </ul> </li> </ul>	<p>Hlustunarefni</p> <p>Samræða</p> <p>Vinnubókarkennsla</p> <p>Paravinna</p>
<b>Lesskilningur</b>			

Samskipti		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> <b>haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Spurt og svarað einföldum spurningum um það sem stendur honum næst</li> </ul> </li> </ul>	
Frásögn		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> <b>geti sagt frá og notað þann orðaforða sem unnið hefur verið með og beitt eðlilegum framburði og áherslum</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Geti sagt frá sjálfum sér, fjölskyldu og vinum, áhugamálum og nánasta umhverfi</li> <li>○ Lesið eigin texta sem hann hefur æft</li> </ul> </li> </ul>	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> <b>geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki eins og punkta og spurningarmerki</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Skrifað texta samið stuttan texta út frá mynd</li> <li>○ Skrifað einföld skilaboð</li> </ul> </li> </ul>	
Menningarläsi		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> <b>geti útskýrt hvað er líkt og ólíkt</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Áttar sig á að mörg orð í dönsku eru lík og skyld t.d. íslensku og fleiri tungumálum</li> </ul> </li> </ul>	
Námshæfni		<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> <b>geti sett sér einföld markmið</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Geti tekið þátt í vinnu með öðrum, hlustað á og tekið tillit til</li> <li>○ Þess sem aðrir hafa fram að færa</li> <li>○ Notað orðabækur sér til aðstoðar</li> </ul> </li> </ul>	

<b>Námsmat</b>	Kaflapróf, próf um jól og vor, vinna í tímum.
----------------	---

<b>Upplýsinga- og tæknimennt 5. og 6. bekkur</b>			
<b>Kennarar:</b> Jóna Björg Sveinsdóttir og Bryndís Snjólfsdóttir			
<b>Kennslustundafjöldi:</b> 1- 2 kennslustund á viku			
<p>Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta, myndir og töluleg gögn, ná góðri tæknifærni, fingrasetningu og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis. Kennslan fer að mestu fram í tölvuveri og styður þessa þætti og gegnir því lykilhlutverki við að efla tæknilæsi, stuðla að fjölbreytni í kennsluháttum. Nemendur fá þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að afla sér þekkingar, vega hana og meta, skapa nýja, umbreyta og miðla henni á fjölbreyttan hátt. Nemendur eiga möguleika á þverfaglegri samvinnu kennara og fagfólks á sviði upplýsinga- og tæknimenntar. Hæfniviðmið eru sett fram í fimm flokkum sem mikilvægt er að líta á sem eina heild. Skilgreining hæfniviðmiða er: Vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun og siðferði og öryggismál.</p>			
<b>Námsþættir</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Hæfniviðmið í 5. bekk Nemandi:</b>	<b>Leiðir</b>
Vinnulag og vinnubrögð  Tækni og búnaður	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Microsoft Office forritin:</li> <li>• Ritvinnsluforritið Word</li> <li>• Töflureikniforritið Exel</li> <li>• Umbrotsforritið Publisher</li> <li>• Glæruforritið PowerPoint.</li> <li>• Ýmis Myndvinnsluforrit og teikniforrit.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.</li> <li><input type="checkbox"/> unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.</li> <li><input type="checkbox"/> unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.</li> <li><input type="checkbox"/> nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.</li> <li><input type="checkbox"/> beitt réttri fingrasetningu.</li> <li><input type="checkbox"/> nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innlagnir.</li> <li>• Leitaraðferð.</li> <li>• Lestur.</li> <li>• Einstaklingsvinna.</li> <li>• Paravinna/hópavinna.</li> <li>• Námsleikir.</li> <li>• Umræður.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ljósmyndavélar og hljóðnemar</li> <li>• Ýmis Kennsluforrit.</li> <li>• Vefsíður og annað gagnvirkt efni.</li> </ul>	<p>ritunarverkefna og tölulegra gagna.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.</li> <li><input type="checkbox"/> nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.</li> </ul>	
